

AÐALFUNDUR

Aðalfundur HF. Eimskipafélags Íslands 2008 verður haldinn þriðjudaginn 18. mars á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, og hefst kl. 17.00.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
 2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar
 3. Ákvörðun um meðferð taps félagsins á reikningsárinu
 4. Ákveðin þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta starfsár
 5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
 - a. Breyting á 19. gr.
Nýr 1. ml. „Stjórn félagsins skipa 5 menn sem kosnir skulu árlega á aðalfundi en auk þess skulu 2 varamenn vera kjörnir árlega á aðalfundi.“
 - b. Breyting á 21. gr.
Í stað „tveggja stjórnarmanna“ komi „meirihluti stjórnarmanna“.
 - c. Breyting á 4. gr. Nýr málslíður í 1. mgr.
„Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða að hlutafé félagsins verði gefið út í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskra króna, telji stjórnin slíkt fýsilegt, sbr. heimild í 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 1. mgr. 3. gr. samþykktu félagsins og varða breytinguna.“
 6. Stjórnarkjör
 7. Kjör endurskoðenda
 8. Tillögur um kaup á eigin hlutum
 9. Önnur mál löglega fram borin
-

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út 13. mars kl. 17.00. Framboðum skal skila skriflega til stjórnar HF. Eimskipafélags Íslands, á skrifstofu forstjóra, Sundakletti, Korngörðum 2–4, 104 Reykjavík.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, 7 dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhent hluthöfum á aðalfundardaginn frá kl. 16.00 á fundarstað.